

KÓPAVOGSBÆR

# Greinargerð með árshlutareikningi

1. janúar – 30 júní 2017

Fjármáladeild

2017

DIGRANESVEGI 1, 200 KÓPAVOGUR

## Frá fjármáladeild Kópavogsbæjar

### Bæjarráð

Greinargerð með árshlutareikningi Kópavogsbæjar pr. 30. júní 2017 er lögð fram til að draga fram helstu atriði sem vekja athygli við yfirferð uppgjörins. Tilgangurinn er að upplýsa bæjarráð um helstu niðurstöður uppgjörins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks bæjarfulltrúa.

Árshlutareikningurinn er eins og áður, óendurskoðaður og ókannaður en gerður í samræmi við lög og reglugerðir en þó þannig, að ekki eru samdar sérstakar skýringar aðrar en sú greinargerð sem hér er lögð fram. Uppgjörið er notað innanhúss til að kanna hvernig rekstrarkostnaður er að þróast og það myndar grunn að útkomuspá ársins 2017 sem áætlaður efnahagsreikningur ársins 2018 mun byggjast á.

Árshlutareikningurinn er unninn á hefðbundnu uppgjörformi fyrir samstæðu Kópavogsbæjar og rekstraryfirlit á áætlunarformi. Í uppgjörinu er notast við eignakerfi bæjarins pr. 1. janúar 2017 sem grunn fyrir afskriftir fjármuna og tölur úr fjárhagsáætlun ársins fyrir reiknaða lífeyrisskuldbindingu vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs (LSK). Auk framlags til LSK er búið að færa inn áætlað framlag til lífeyrissjóðsins Brúar sem legið hefur í loftinu að myndi falla til, en það framlag á að verða fullnaðaruppgjör á lífeyrisskuldbindingum til þess sjóðs. Framlagið skiptist í þrjá flokka:

1. framlag í jafnvægissjóð, en framlag ársins er áætlað að verði 563 m.kr. Í árshlutareikningi er búið að færa til gjalda 280 m.kr. vegna þess.
2. Framlag í lífeyrisauka, sem metið er 1.539 m.kr.
3. Framlag í varúðarsjóð sem metið er 171 m.kr.

Framlög in í þessa tvo síðarnefndu sjóði, 1.710 m.kr., eru í uppgjörinu færð til hækkunar á lífeyrisskuldbindingum á skuldahliðinni og sem hækkun langtímakröfum á eignahlið efnahagsreiknings. Trúlega verður skuldahliðin gerð upp með skuldabréfi, þannig að í lok árs verði langtíma skuldabréf hærri sem þessu nemur.

Rekstrarniðurstaða A-hluta samkvæmt þessu var jákvæð um 450 m.kr., en áætlun ársins, þar sem tekjum er dreift eftir greiðsluáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaða fyrra misseris yrði neikvæð um 244 m.kr.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Kópavogsbæjar A og B hluta, var jákvæð um 655 m.kr., en áætlun misserisins, dreifð eins og að framan greinir, gerir ráð fyrir tapi að fjárhæð 160 m.kr. Rétt er að nefna, að í sögulegu samhengi, þá falla til á fyrri helmingi árs um 48-49% af skatttekjum ársins en hins vegar stærrí hluti útgjalda hjá ákveðnum sviðum.

Samkvæmt uppgjörinu hafa heildarskuldir samstæðu bæjarins lækkað nettó frá áramótum um 72 milljónir þrátt fyrir að verðtryggð lán hafi hækkað á fyrri árshelmingi vegna verðbólgu og að lífeyrisskuldbindingar hafi hækkað um 2.198 m.kr.

Í eftirfarandi greinargerð verður farið nánar yfir einstakar rekstrareiningar eftir því sem niðurstöður gefa tilefni til.

Ingólfur Arnarson  
Fjármála- og hagsýslustjóri

## 1. Samstæðan

Rekstrarniðurstaða samstæðu Kópavogsbæjar, A og B hluta, var jákvæð um 655 m.kr. en áætlun ársins gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 160 m.kr á þessum tímapunkti. Ástæða mismunarins er einkum að skatttekjur eru heldur hærri en reiknað var með, verðbólga er lægri en reiknað var með og að bókuð er tekjufærsla vegna lóðaúthlutana, sem ekki var á áætlun.

Hækkun vísitölu neysluerðs til verðtryggingar á tímabilinu var 1,05%, en áætlun ársins miðaði við 3,9% ársverðbólgu. Sú tala byggðist á þjóðhagsspa fyrir árin 2014-2019 eins og hún birtist í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga 2017, sem var svo endurskoðuð þegar þjóðhagsspa að vetri kom út. Ómögulegt er að segja til um hvernig verðbólgan muni þróast það sem eftir lifir árs, en samkvæmt þjóðhagsspa í vor er gert ráð fyrir að verðbólga ársins 2017 verði 1,9%.

Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir fjármagnsliði, afskriftir og lífeyrisskuldbindingar var jákvæð um 2.642 m.kr. Þetta þýðir að framlegðarhlutfall samstæðu var rúmlega 18%, en í reglum frá eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga er gert ráð fyrir að framlegðarhlutfallið sé á bilinu 15-20%.

Heildareignir samstæðu voru 61.876 m.kr., þar af fastafjármunir 59.263 m.kr. og veltufjármunir 2.613 m.kr. Heildarskuldir með lífeyrisskuldbindingu voru 43.927 m.kr. og bókfært eigin fjár 17.883 m.kr. sem gerir 28,6% eiginfjárhlutfall. Veltufjárhlutfall (veltufé/skammtímaskuldir) er 0,44.

Veltufé frá rekstri samstæðu nam 1.917 m.kr. en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að niðurstaða ársins 2017 verði 3.198 m.kr. Handbært fé frá rekstri nam 2.470 m.kr.

Fjárfestingahreyfingar sýna að búið var að bóka framkvæmdir og fjárfestingar nettó fyrir 849 m.kr. á þessum tímapunkti. Einnig eru þarna breytingar á langtímakröfum en þær tengjast fyrst og fremst úthlutun lóða. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 434 m.kr., en þarna má sjá annars vegar afborganir lána og svo hinsvegar hækkun vegna lífeyrisskuldbindingar hjá lífeyrissjóðnum Brú.

Handbært fé samstæðunnar nettó nam 147 m.kr. í lok tímabils.

Út frá þeim forsendum sem við höfum í höndum í dag er varla hægt að reikna skuldaviðmið, en það er þó ljóst að það er undir 150%. Til að sýna fram á það mætti gefa sér að nú sé helmingur tekna ársins fallinn til og að langtímalífeyrisskuldbinding (þ.e. sá hluti sem dreginn er frá heildar skuldum) sé sú sama og í ársreikningi 2016 (hún er allnokkru hærri, a.m.k. sem nemur langtíma framlaginu til Brúar), þá væri skuldaviðmiðið um 141,8%.

## 2. A-hluti

Ársreikningur A-hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggingarsjóðs MK og Þjónustumiðstöðvar.

### 2.1 Aðalsjóður

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var jákvæð um 450 m.kr. Aðalfrávikin liggja í að skatttekjur eru hærri en áætlað var og fjármagnsliðir koma betur út.

Nettó rekstrarkostnaður málaflokka var 11.579 m.kr. en dreifð áætlun ársins gerir ráð fyrir 11.443 m.kr., þannig er um 1,2% frávik frá áætlun. Hér þarf að hafa í huga, að við vinnslu fjárhagsáætlunar 2017 var ekki ljóst hvernig farið yrði með aukið framlag vegna lífeyrisskuldbindinga við lífeyrissjóðinn Brú. Miðað við þær forsendur sem þá lágu fyrir voru 330 m.kr. færðar á málaflokka sem aukið mótframlag. Nú er ljóst að farið verður með þessar skuldbindingar með öðrum hætti, þannig að við skoðun á rekstri málaflokka er eðlilegt að draga þessa reiknuðu fjárhæð frá upphaflega áætlaðri fjárhæð til að bera saman rekstur og áætlun. Áætlaður rekstur málaflokka, þegar tekið hefur verið tillit til þessarar leiðréttingar, er kr, 11.313 m.kr., eða um 2,4% hærri en leiðrétt áætlun. Rekstur málaflokka sem hlutfall af skatttekjum er 95,9% í þessu uppgjöri. Hér á eftir er farið yfir helstu útgjaldaliði sviða.

#### 2.1.1 Velferðarsvið

Rekstur velferðarsviðs er nánast á pari við áætlun á fyrra misseri ársins þegar tekið hefur verið tillit til leiðréttingar á mótframlaginu. Þeir liðir sem fara helst fram úr áætlun er vistun á stofnunum/heimilum, rekstur Dimmuhvarfs og Austurkórs, og þjónustudeild fatlaðra, en þar fellur nokkur kostnaður til þar sem verið var að skipta um þjónustuveitanda fyrir akstur. Hins vegar eru fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, frekari liðveisla og fleiri liðir nokkið undir áætlun.

#### 2.1.2 Menntasvið

Nettó útgjöld fræðslusviðs eru 7.090 m.kr. en dreifð áætlun, þar sem tekið hefur verið tillit til mótframlagsins, gerði ráð fyrir 6.765 m.kr., eða 4,8% frávik

#### *Leikskólar.*

Rekstrarniðurstaða bæjarrekkinna leikskóla ásamt skrifstofu leikskólafulltrúa var 31 m.kr. hærri en áætlun, eða um 1,6%. Séu sjálfstætt starfandi leikskólar skoðaðir, þá er Kór 12,9% yfir áætlun (14,6 m.kr.) og Aðalþing 7,1% yfir áætlun (8,4 m.kr.). Aðal ástæðan fyrir frávikum á leikskólum liggur í því, að þegar samið var við grunnskólakennara í lok árs 2017, þá virkjaðist ákvæði í kjarasamningi leikskólakennara sem þýddi að laun þeirra hækkuðu vegna grunnskólakennaranna. Ekki var áætlað fyrir þessum launahækkunum.

Önnur skýring hjá einkareknu skólunum er almennt sú, að meiri aðsókn er í þá en áætlað var og að mönnun leikskólans er dýrari.

Þá vekur það alltaf athygli hve misjafnlega bæjarreknu leikskólarnir koma út. Rekstur þeirra sem standa sig best er allt að 10% undir áætluðum kostnaði á þessum tímamótum meðan á

hina hliðina finnst dæmi um allt að 17% yfir áætlun. Skýring á halla getur legið í óvæntum langtímaveikindum sem hafa kallað á nýráðningar til afleysinga.

### **Grunnskólar**

Rekstrarkostnaður grunnskóla var 128 m.kr. umfram hlutfallaða áætlun. Í rekstraráætlun var gert ráð fyrir kjarasamningshækkunum kennara, en launatengdu gjöldin féllu á milli laga við lokafrágang áætlunar. Áhrif þeirra eru 21 m.kr. af hallanum.

Almennt er rekstrarkostaður skóla þyngri á fyrri helmingi árs en á þeim síðari. Fjórir skólar fara meira en 5% fram úr áætlun og þar af tveir sínu hæstir, en það eru Kársnesskóli (9,7%) og Salaskóli (7,6%). Hluti af skýringunni getur falist í fleiri nemendum en áætlað var að hefðu skólagöngu á árinu, en íbúafjölgun hefur verið mikil undanfarin misseri. Einnig er þekkt skýring á hærri launakostnaði langtímaveikindi og að fleiri nemendur þarfnist meiri sérþjónustu en var gert ráð fyrir við áætlanagerðina. Við athugun á fráviki skólanna kom í ljós, að þessir tveir liðir kosta um 100 m.kr. umfram það sem áætlað var. Fyrir hluta af þessum kostnaði (28 m.kr.) var áætlað á „Grunnskólar sameiginlegt“.

### **Tónlistarskólar**

Kostnaður við tónlistarskóla er nokkuð yfir áætlun, eða um 42 m.kr. Þann 31. janúar 2017 er lögð fram miðlunartillaga í deilu Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna kennara og stjórnenda í tónlistarskólum sem var samþykkt. Ekki var gert ráð fyrir þessum hækkunum við gerð fjárhagsáætlunar 2017. Launakostnaður skólahljómsveitar er um líka yfir áætlun sem rekja má til þessara ríkulegu samninga.

#### **2.1.3 Menningarmál**

Þegar búið er að taka tillit til ógreiddra áfallinna innri færslna, þá eru menningarmálin nánast á pari við áætlun eftir að tekið hefur verið tillit til mótframlagsins. Helsti munurinn liggur í tekjufærslum hjá Náttúrufræðistofu og bókasafni en einnig aukinn kostnaður við rekstur Héraðsskjalasafns sem gæti að hluta tengst flutningi bæjarskrifstofu og svo hækkar þar símakostnaður að því er virðist vegna breytinga á þjónustu.

#### **2.1.4 Íþrótt- og tómstundasvið**

Þegar búið er að gera leiðréttingar á kostnaði og mótframlagi í áætlun, þá er sviðið um 29 m.kr. undir áætlun. Hér er búið að færa að nokkru leiti sumarvinnu og vinnuskóla og dreifa þeim á aðra liði til að halda ákveðnu jafnvægi. Annars munu þessir liður rétta sig af þegar kemur að lokum ársins.

### **Félagsmiðstöðvar**

Þann 30. júní voru félagsmiðstöðvar um 3,5 m.kr. undir hlutfallslegri áætlun. Flestar þeirra voru vel undir, en ein var 10% yfir.

### **Annað félagsstarf**

Molinn er nánast á pari við áætlun og félagsstarf eldri borgara undir áætlun. Hrafninn hins vegar fer um 5 m.kr. framúr áætlun eða um 37%. Frávikið liggur í launakostnaði.

### Sundlaugar

Sundlaug Kópavogs og laugin í Boðarþingi voru undir áætlun á þessum tíma en Versalalaug nánast á áætlun.

### Íþróttamannvirki

Rekstur litlu íþróttahúsanna er almennt í lagi, en svo víkja Digranes og Snælandsskóla aðeins frá áætlun vegna launakostnaðar. Fífan fer hins vegar 2 m.kr. framúr áætlun, eru það annarsvegar orkureikningar og svo ókomnar tekjur á húsið, sem mynda hallann. Kórin er kominn um 10 m.kr. fram úr áætlun. Hluti framúrkeyrslunnar er rafmagn sem trúlega má tengja við tónleikahald, en tekjur verða þá færðar þangað á móti gjöldunum. Einnig var ráðist í að kaupa hljóðkerfi í húsið, en ekki hafði verið gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.

#### 2.2.5 Umhverfissvið

Nettó útgjöld umhverfissviðs (skipulags- og byggingarmála) eru 15 m.kr. undir hlutfallslegri áætlun. Tekjur sviðsins á fyrri helmingi ársins eru hærri en reiknað var með (15 m.kr.) og munar þar mest um byggingarleyfis- og úttektargjöld. Starfsmannakostnaður er 7,7 m.kr. undir áætlun sem og vörukaup, en þjónustukaupin eru yfir, sérstaklega sérfræðikostnaður sem m.a. getur fallið til vegna vinnu við skipulagsmál.

#### 2.2.7 Sameiginlegur kostnaður

Þessi málaflokkur er 38 m.kr. yfir áætlun. Kostnaður við bæjarstjórn og –ráð er um, 11 m.kr. umfram áætlun, en stærsti munurinn virðist liggja í hækkuðum framlögum til LSK, en bókfærð staða er 28 m.kr. umfram áætlun.

Heildarútgjöld við rekstur sjálfs stjórnisylsusviðsins (deildir 290-460) var 276 m.kr eða um 5,7 m.kr. undir áætlun.

## 2.2 Eignasjóður

Bókaðar tekjur eignasjóðs þann 30.06.17 eru annars vegar eignatengdar tekjur 1.992 m.kr. og hins vegar söluhagnaður vegna úthlutana á lóðum. Áfallinn rekstrarkostnaður og fasteignagjöld eignasjóðs voru 602 m.kr., afskriftir 532 m.kr. og bókaður fjármagnskostnaður 840 m.kr.

Enn skal bent á mikilvægi þess í áætlanavinnunni sem fer í gang á seinna misseri þessa árs, að leggja vinnu í að endurmeta tekjur eignasjóðs, þannig að þær nái betur að standa undir útgjöldunum og þar með eðlilegu viðhaldi. Hér þarf líka að hafa í huga, að hluti af afkomuvandanum liggur í eignum sjóðsins sem gefa ekki tekjur á móti kostnaði sem falla til vegna þeirra, eins og vöxtum af fjárbindingu og afskriftum. Hér er fyrst og fremst um að ræða birgðir lóða sem fara lækkandi með úthlutun lóða á dýrum byggingarsvæðum. Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs er í uppgjörinu jákvæð um 224 m.kr. þegar söluhagnaður er talinn með.

Stærstu liðir í framkvæmdum eignasjóðs á fyrri hluta ársins eru framlög til Kársnesskóla (87 m.kr.), Guðmundarlundur (19 m.kr.) Íþróttahúss Vatnsendaskóla (295 m.kr.), bæjarskrifstofur (148 m.kr.) og endurnýjum leik- og grunnskólalóða (23 m.kr.).

### 2.3 Þjónustumiðstöð

Bókaðar tekjur þjónustumiðstöðvar í uppgjörinu eru 184 m.kr. og starfsmannakostnaður 135 m.kr. Mikill hluti af rekstrartekjum og rekstrarútgjöldum þjónustumiðstöðvar fellur til á sumrin og er millifærður frá öðrum stofnunum. Annar rekstrarkostnaður er 48 m.kr., afskriftir 14 m.kr. og fjármagnskostnaður 14 m.kr.

Tapið þann 30/6 var 28,6 m.kr. en samkvæmt áætlun var gert ráð fyrir 50 m.kr. tapi á sama tíma.



### 3. B-hluti

#### 3.1 Kópavogshöfn

Umsvif hafnarinnar eru afar lítil, en heildartekjur í þessu uppgjöri eru 36,2 m.kr. eftir að framlög frá aðalsjóði hafa verið millifærð (lóðaleiga og styrkur). Starfsmannakostnaður er 5,3 m.kr., annar rekstrarkostnaður um 4,8 m.kr. og afskriftir 6,4 m.kr. Fjármagnskostnaður hafnarinnar er hinsvegar 12,8 m.kr. Rekstraafgangur fyrstu 6 mánuði ársins nam um 6,8 m.kr. á móti áætluðum 0,6 m.kr..

#### 3.2 Húsnæðisnefnd

Tekjur þessa reksturs voru 266 m.kr. eða um 7 m.kr. umfram hlutfall áætlunar. Enginn launakostaður liggur nú á rekstrinum en vöru- og þjónustukaup og skattar eru um 140 m.kr. Fjármagnsliðir eru um 164 m.kr. Rekstrarniðurstaðan í þessu uppgjöri er 65 m.kr. tap.

Gott er að hafa í huga, að samkvæmt lögum eru verðtryggðar skuldir rekstraraðila færðar upp til núvirðis m.v. vísitölu, en fasteignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði, þ.e. virðisauki eigna er ekki tekjufærður á móti verðbótagjöldum. Þannig myndast ákveðið misvægi eigna og skulda í efnahagsreikningum sem þýðir að þar liggur dulin eign sem verður ekki „sýnileg“ fyrir en við sölu eigna. Væntanlega verður eignasafn Húsnæðisnefndar endurmetið um næstu áramót og fært til hækkunar á eigin fé.

Samkvæmt áætlun ársins átti leiga að hækka um ákveðið hlutfall í byrjun árs 2017. Hluta hækkunar var frestað og var ekki komin til framkvæmda á miðju ári.

#### 3.3 Fráveita

Rekstrarafgangur fyrstu 6 mánuði ársins nam 232 m.kr. Tekjur voru 463 m.kr. vöru- og þjónustukaup um 135 m.kr. og fjármagnsliðir 40 m.kr. Hjá fráveitu er ekki bókaður launakostnaður, hins vegar greiðir fráveitan fyrir ýmis verkefni sem leyst eru af hendi af umhverfissviði og í þjónustumiðstöð.

#### 3.4 Vatnsveita

Rekstrarafgangur fyrri misseris nam 62 m.kr. Tekjur voru 297 m.kr., starfsmannakostnaður var 19,4 m.kr. og vöru- og þjónustukaup um 140 m.kr. og fjármagnsliðir eru um 26 m.kr. Eins og hjá fráveitu, þá leysa umhverfissvið og þjónustumiðstöð ýmis verkefni fyrir vatnsveitu sem Varnsvetian greiðir fyrir.

#### 3.5 Tónlistarhús

Rekstrarhalli fyrstu 6 mánuði ársins var 31 m.kr. en hlutfallsleg áætlun ársins gerir ráð fyrir 25 m.kr. halla. Tekjur voru 7,6 m.kr., starfsmannakostnaður var 14,6 m.kr. og annar rekstrarkostnaður um 13 m.kr.